

Viðauki 3 við samstarfssamning UMSB og Borgarbyggðar

Undirritaðir aðilar, Borgarbyggð kt. 510694-2289, Borgarbraut 11, 310 Borgarnesi og Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) kt. 670269-0869, Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi gera með sér svofelldan viðaukasamning við samstarfssamning dagsettan 25.04.2013 milli sömu aðila um fjárhæðir styrkja samkv. grein 6.6 um umsjón íþróttavalla.

1. Fjárhæð vegna f.liðar í viðaukasamningi 1 við samstarfssamninginn breytist úr 2.300.000,- kr. í 4.500.000,- kr. fyrir árið 2014. Gjalddagi er 1.apríl.
2. Árið 2014 mun falla út úr lið 6.6 um umsjón íþróttavalla að UMSB taki að sér umsjón með Kleppjárnsreykja- og Varmalands-velli, og verður UMSB þá eingöngu með umsjón með íþróttasvæðinu á Skallagrímsvelli í Borgarnesi árið 2014.
3. Árið 2015 verður upphæðin vegna f.liðar í viðaukasamningi 1 við samstarfssamninginn hækkuð úr kr. 4.500.000,- í kr. 6.000.000,-. Með gjalddaga 1.apríl.
4. Árið 2015 mun liður 6.6 um umsjón íþróttavalla standa óbreyttur þannig að UMSB sér um umhirðu og viðhald á Skallagríms-, Kleppjárnsreykja-, og Varmalandsvelli. Að auki mun UMSB einnig sjá um viðhald og umhirðu á Sverrisvelli á Hvanneyri.
5. Eftir árið 2015 mun viðaukasamningur þessi gilda áfram eins og hann stendur þá, bæði varðandi ábyrgð UMSB varðandi viðhald og umhirðu Skallagríms-, Kleppjárnsreykja-, Varmalands- og Sverris- vallar, og eins varðandi greiðslur Borgarbyggðar til UMSB uppá kr.6.000.000,- með gjalddaga 1.apríl.
6. UMSB sér um að öll verk sem teljast til almenns viðhalds og umhirðu séu framkvæmd þannig að sómi sé af, þau verk eru m.a. sláttur, viðgerðir á skemmdum svæðum, áburðargjöf, söndun og sáning, vökvun, götun, merkingar, þrif og viðhald á mörkum, netum, hlaupabrautum, stökkgryfjum o.fl. sem tilheyra vallarsvæðunum.
7. Öll meiriháttar efniskaup eins og t.d. áburður, sandur, málning og fræ skal bera undir forstöðumann íþróttamannvirkja og verður það efni þá lagt til frá Borgarbyggð ásamt sérverkfærum og vélum sem þarf til verksins ef slík tæki eru ekki til á svæðinu.
8. Um greiðslur Borgarbyggðar til UMSB vegna umhirðu vallarsvæðanna skulu að öðru leyti en hér er kveðið á um, gilda sömu reglur og kveðið er á um í viðauka 1 við samstarfssamninginn varðandi tengingu við vísitölu neysliverðs, þó skal ekki reikna vísitölu á greiðslurnar fyrren 1.janúar 2015 og miða skal við grunnvísitölu neysliverðs í janúar 2014 174,5 stig.

Þessu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir viðaukasamning þennan í votta viðurvist. Viðaukasamningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal hvor aðili halda sínu frumeintaki.

Borgarnesi 9.apríl 2014

Fh Borgarbyggðar

Fh Ungmennasambands Borgarfjarðar